Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

VERÐ BLAÐSINS ER:
Lausasala kr. 80.-
Årsáskrift V. kr. 3.500.-
Årsáskrift B. kr. 5.500.-
Hálft ár V. kr. 2.000.-
Til öryrkja heilt ár kr. 500.-

1. tölublað | Þriðjudagurinn 3. janúar | 7. árgangur | Verð kr. 80.-

Dagsbrún: Framboð í fæðingu

Til að hægt sé að gera Dags brún að öflugu baráttutæki, verða verkamenn að eygnast nýja stjórn á félaginu. Núverandi félagsstjórn, hefur um áraraðir sýnnt það bæði og sannað að hún er óhæf til að veita verkamönnum leiðsögn í kjarabaráttunni. Þeir láta það óátalið þegar samningar eru brotnir nær daglega á verkamönnum, og hafa jafnvel forystu fyrir því að sundra okkur ef atvinnurekandanum býðst að láta samþykkja sérsamninga, er ganga á réttindi er við höfum náð fram með áratuga baráttu.

Samþykktir fjölmennra félagsfunda er brjóta í bága við vilja stjórnarinnar er stendur gegn öllu framfarasinnuðu, eru miskunnalaust sviknar. Það þarf því engan Dagsbrúnarmann að undra, er við undirbúum að stilla upp lista stéttvísra félagsmanna gegn núverandi stjórn. Þolinmæði verkamanna er þrotin, undanfarin ár hefur stjórnin barist gegn öllu framfarasinnuðu starfi til eflingar Dagsbrúnar. Þeir vilja ekkert samstarf við þá sem hafa verið virkir á fundum, vinnustöðum eða staðið í útgáfustarfi þar sem mál okkar félagsmanna voru tekin fyrir. Allir Dagsbrúnarmenn sem vilja félaginu vel, verða nú að taka höndum saman. Um miðjan desember var saminn kosningagrundvöllur, er síðan hefur verið dreift í fjölriti á flesta vinnustaði Dagsbrúnarmanna. Kosningagrundvöllurinn er ekkert endanlegt plagg, enda var það fámennur hópur félagsmanna er samdi hann. Eflaust mun hann breytast eitthvað til betri vegar á þeim fundum sem haldnir verða á næstunni, með þeim verkamönnum sem að framboðinu standa. Mikilvægt er að verka menn taki þátt í að móta störf og stefnu síns stéttarfélags. Til þessa hefur verið á því mikill skortur, en nú er tækifæri fyrir okkur, sem gefst ekki nema einu sinni á ári, að móta framboðslista stéttvísra verkamanna sem við treystum til að hafa með höndum stjórn verkamannafélagsins.



Sigur í kosningum sem þessum mun hafa áhrif inn í innstu æðar þjóðfélagsins og hrófla duglega við samtryggingar kerfi þingflokkanna. Það mun einnig valda því að niðursetningar í stjórnum annara verka lýðsfélaga yrðu að hugsa sér til hreyfings eða verða felldir ella. Það er útbreiddur misskilningur meðal fólks, að hafi menn einu sinni verið kosnir til ábyrgðarstarfa, þá eigi þeir rétt á að verða þar ellidauðir, hversu illa sem þeir standa sig. Þetta er okkar verkamanna í Dagsbrún að afsanna. Enn einu sinni er það okkar að ríða á vaðið, nú með því að endurreisa stéttarfélagag okkar sem öflugt baráttutæki.

Barátta hjúkrunarnema

Nokkuð nýstárleg baráttuaðferð leit dagsins ljós hér um daginn, en það var í kjaradeilu hjúkrunarnema og viðsemjenda þeirra. Eftir að laun nemanna höfðu verið lækkuð til muna, en yfirvinnu álag hækkað til að þröngva nemunum til að vinna lengri vinnudag, gripu nemarnir til sinna ráða. Vegna þess að þeir hafa ekki verkfallsrétt varð að beita öðrum aðferðum til að fá leiðréttingu sinna mála Hjúkrunarnemarnir gripu því til eina úrræðisins en það var að segja sig úr skóla og hætta námi. Þetta hafði sömu áhrif og verkfall sem leiddi til þess að stjórnvöld voru neydd til að ganga til samninga. Samningarnir eru því í raun stór sigur fyrir hjúkrunarnema sem sannar enn einu sinni að órofa samstaða getur sigrað og ekki skaðar að beita réttum baráttuaðferðum. Auðvitað eru hjúkrunarnemar ekki fullkomlega ánægðir með samningana en eru samt á einu máli um að án réttrar baráttuaðferðar hefði málið algjörlega tapast. Hjúkrunarnemar hafa því ekki hugsað sér að leggja baráttuna á hilluna en munu knýja á um bætta vinnuaðstöðu og réttindi til handa nemum

Það eru fleiri nemar en hjúkrunarnemar sem ekki hafa verkfallsrétt og hafa því átt undir högg að sækja. Þetta eru til dæmis hinir almennu iðnnemar og nú er spurning hvort þeir feta ekki í fótspor hjúkrunarnemanna og reyni svipaðar baráttuaðferðir. Að vísu er þetta nokkuð flóknara mál hjá almennum iðnnemum en þó engu að síður vel hugsanlegt og með árangur hjúkrunarnemanna í huga er þetta sérlega áhugavert. Iðnnemar hafa hingað til talið sig bundna af því að hafa ekki verkfallsrétt og árangur því harla rýran en nú hefur verið bent á nýja leið sem sjálfsagt er að taka til vandlegrar íhugunar. Á næsta ári verða gerðir nýjir kjarasamningar. Það er því full ástæða til að hefja undirbúning nú þegar og ræða þær leiðir sem fara verður.

FRÉTTATILKYNNINGIN SEM HJÚKRUNARNEMAR SENDU FRÁ SÉR:

"Það er greinilegt að með þessu er stefnt að því að knýja hjúkrunarnema til yfirvinnu, þar sem þörf ríkisspítalanna fyrir starfsfólk til að vinna aukavaktir er mikil vegna skorts á starfsfólki á hinum ýmsu deildum Er einkennilegt að ríkisvaldið komi með slíkt tilboð á sama tíma og stefnt er að því að minnka yfirvinnu hinna vinnandi stétta í þjóðfélaginu.

Hjúkrunarnemar eru og hafa alltaf verið ódýrt vinnuafl fyrir sjúkrahúsin.. Hefur ríkið grætt mikið á starfi hjúkrunarnema, þar sem þeir koma í stað sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga að hluta. Þeir hafa fulla vinnuskyldu og ganga allar vaktir. Nú á að þvinga nema til þess að vinna einnig í frítíma sínum til að geta lifað mannsæmandi lífi Megum við síst við meiri vinnu en raun ber vitni nema ríkisvaldið vilji fá á markaðinn sífellt lélegri og verri hjúkrunarfræðinga, þar sem svo lítill tími gefst til lesturs og náms vegna mikils vinnuálags.

Hjúkrunarnemar mótmæla harðlega þessari stefnu ríkisvaldsins og krefjast leiðréttingar mála sinna. Þangað til það hefur gerst verður í gildi yfirvinnubann nema. Hafi ekki verið gengið að kröfu okkar fyrir áramót, liggur fyrir úrsögn úr skóla."

Hlutleysi útvarpsráðs

Það var 27. febrúar 1976 sem útvarpsráð útilokaði lestur leiðara úr Stéttabaráttunni og nokkrum fleiri blöðum, sem gefin eru út af samtökum hér í Reykjavík. Þetta er rifjað upp núna vegna þess að í samþykkt útvarpsráðs kom fram að þau blöð sem komið hafa út vikulega í heilt ár skuli þó ekki útilokuð.

Í samþykkt útvarpsráðs segir orðrétt "Einu sinni í viku skal lesa úr leiðurum þjóðmálablaða sem komið hafa reglubundið út að jafnaði vikulega um eins árs skeið." Nú hefur Stéttabaráttan komið "að jafnaði vikulega út um eins árs skeið" svo að nú verður látið reyna á hvort þessi lög sem sett voru gegn Stéttabaráttunni og fleirum verði látin gilda fyrir Stéttabaráttuna nú. Það sem er kostulegt og um leið afhjúpandi fyrir hið borgaralega lýðræði sem þessir sömu menn segjast berjast fyrir, sem samþykktu lögin , er hvernig þeir reyna á allan mögulegan hátt að þrengja það. Afnema rétt þeirra sem eru þeim ekki sammála, skerða rétt þeirra til að láta skoðanir sínar í ljós á opinberum vettvangi og svo framvegis.

Undanfarið ár hefur verið ár mikillar umræðu um lýðréttindi og mannréttindi almennt. Fjöldi ríkja hefur hlotið harða gagnrýni fyrir skerðingu á mannréttindum og þá ekki síst Sovétríkin sem bannað hafa allar skoðanir nema stjórnvalda. Á síðasta ári reyndu nokkrir listamenn þar sýningu á listaverkum sínum, en sýningin var bönnuð og síðan eyðilögð af her og lögreglu. Annað dæmi um þetta er kannski hvernig Carillo var bannað að tala á þingi sem var haldið þar afþví að skoðanir

hans féllu ekki saman við skoðanir stjórnvalda. Þetta hefur allur heimurinn fordæmt bæði hægri og vinstri menn og þá ekki síst Carter bandaríkjaforseti. Samþykktur hefur verið fjöldinn allur af yfirlýsingum í hinum "vestræna heimi" sem fordæma aðgerðir stjórnvalda sem kúga

minnihlutaskoðanir og skerða tjáningarfrelsi. Ísland er þar engin undantekning t.d. stendur eftirfarandi í 3. grein útvarpslaganna meðal annars:... "Það (útvarpið) skal kappkosta að

framhald á síðu 2

LEIÐARI

Hvað ber komandi ár í skauti sér

Í byrjun nýs árs hljótum við að líta fram og hugleiða hvað framtíðin ber í skauti sínu. Hvað verður helsta einkenni komandi árs? Til að svara því, þá verðum við að líta aftur til ársins 1977, sem óhjákvæmilega setur mark sitt á þá þróun og það ástand sem verða mun á komandi ári.

Árið 1977 var ár mikilla sviptinga á öllum sviðum þjóðlífsins, bæði í efnahagsmálum og pólitík. Þó hafa þversagninar í öllum málum valdið mestum ruglingi og skýrar línur virðast ekki fyrir hendi í dag. Þetta á kannski sérstaklega við um efnahagsmálin. En þar hefur um nokkurn tíma verið um að ræða, eitt mesta góðæri sem um getur hvað varðar útflutningsafurðir. Aldrei hefur verð á útflutningsafurðum okkar verið jafn hátt og fer enn hækkandi En þrátt fyrir það stöndum við á barmi gjaldþrots og skuldasöfnunin hefur einmitt aukist á þessu hagstæða ári fyrir útflutningsafurðirnar. Jafnframt þessu hefur verðbólga vaxið stórlega og spilling hefur óhjákvæmilega siglt í kjölfarið með viðeigandi skipulagsleysi á öllum sviðum þjóðlífsins. Bróðurparturinn af fjármunamynduninni fer í framkvæmdir sem engum arði skila, en eru auðsjáanlega til þess gerðar að þjóna ýmsum gæðingum stjórnarflokkanna. Þannig er aðaleinkenni efnahagsstefnunnar opinbert brask bæði hjá einstaklingum og stjórnvöldum. Um það skulum við nefna tvö dæmi: Það fyrra er hvernig útgerðarmenn sviku út meira fé til kaupa á togurum en þeim bar, en hið síðara eru kaup stjórnvalda á Víðishúsinu langt yfir kostnaðarverði til að bjarga einum flokksmanni Sjálfstæðisflokksins. Vissulega væri ástæða til að telja upp fleiri dæmi því af nógu er að taka, en þetta verður að duga til að sýna fram á hvernig spilling og brask hefur gripið um sig á hæstu sem lægstu stöðum, og í dag þekkjum við þó aðeins hluta af þessum málum.

En árið hefur líka einkennst af mikilli baráttu verkalýðshreyfingarinnar gegn kjaraskerðingunni sem hefur verið spillingunni og verðbólgunni samfara. Viss vonleysis hefur þó gætt í þessari baráttu vegna þess hvernig verðbólgan hefur étið upp hverja þá kjarabót sem unnist hefur undanfarin ár. Stjórnlaus verðbólga sem aðallega er beint gegn verkafólki með hækkunum á allri nauðsynjavöru sérstaklega, hefur vissulega gefið hægfara-og undansláttsmönnum byr í seglin. Þeir þykjast annað hvort vera að hugsa um hag verkafólks eða vera ábyrgir gagnvart viðgangi framleiðsluatvinnuveganna. Þeir segja : "Það verður að stilla kröfunum í hóf" og þegar öllu er á botninn hvolft kemur í ljós að þetta hóf er það sem atvinnurekendur geta sætt sig við. Æ fleiri forystumenn stærstu verkalýðsfélaganna í Reykjavík hafa nú orðið uppvísir að beinum og óbeinum stuðningi við atvinnurekendur. Þessir menn eru fimmta herdeildin innan verkalýðshreyfingarinnar, sem þjóna atvinnurekendum á ótal vegu. Gegn svikum þessara manna verður verkalýðshreyfingin ekki síst að snúa sér á komandi ári um leið og hún mótar stefnuna í kjaramálum.

Með þennan forgrunn munum við ganga inn í komandi ár sem er sérlega merkilegt vegna þess að það er kosningaár og pólitísk umræða því sérlega mikil allstaðar í þjóðfélaginu. Flokkarnir munu auðvitað skreyta sig með stórkostlegum loforðum og þeir sem peningana og völdin hafa munu reyna að kaupa upp eins mörg atkvæði og þeim unnt. Það má því fastlega búast við að þó að eitt aðaleinkenni ársins sem var að líða hafi verið sukk og svínarí, þá muni þetta ár sem er að hefjast enn frekar verða slíkt ár. Lýðskrumarar og loddarar munu verða eitt helsta útspil allra borgaralegra stjórnmálaflokka, menn sem einskis svífast og eru samviskulausir með öllu. Vilmundar af öllum gerðum munu óhjákvæmilega skjóta upp og kynna sig sem samvisku þjóðarinnar, en eru í raun ekkert annað en afurð hins spillta hagkerfis kapítalismans. Þeir munu ekki ráðast að rótum vandans heldur gerast taumdragar innlends eða erlends auðvalds í nafni frelsisins. Komandi kosningaár mun því verða ár mikillar baráttu, þar sem aðeins sannur verkalýðsflokkur verður fær um að verja hagsmuni verkalýðsins. Flokkur á borð við Kommúnistaflokk Íslands m-l, sem ræðst að rótum sjálfs meinsins kapítalismanum.

Ályktun 4. landsfundar miðstjórnar

Fjórði landsfundur miðstjórnar KFÍ/ml- ákveður eftirfarandi:

1. Ákveðin hefur verið dagsetning annars þings KFÍ/ml.

2. Eftirfarandi verða höfuðverkefni þessa þings:
a) Afstaða verði tekin til fortíðar KFÍ/ml og starfs flokksins frá stofnun hans. Sérstaklega verði tekin afstaða til fram kominnar gagnrýni, sem telur að KFÍ/ml og forverar hans hafi í megin atriðum rekið endurskoðunarsinnaða pólitík og starfað á verkalýðsfjandsamlegan hátt í flestum höfuðmálum.
b) Niðurstöður verði dregnar af þeim umræðum sem átt hafa sér stað um stéttgreininguna.
c) Tekin verði afstaða til þess á hvern hátt flokkurinn tekur þátt í kosningunum á komandi ári
d) Flokkurinn setji fram nýja stefnuskrá sem byggist á þeirri reynslu sem hann hefur öðlast í innri baráttu og ytra starfi á þeim tveimur árum sem núverandi stefnuskrá hans hefur verið beitt.
e) Sett verði fram skýr afstaða flokksins til sameiningarviðræðna við aðra marx-lenínista á grundvelli hinnar nýju stefnuskrár.

3. Umræður til undirbúnings þingsins eru höfuðverkefni flokksins fram að þeim tíma er það verður haldið Þessar umræður verður að leiða og efla á þann hátt að þingið verði fært um að taka afstöðu sem byggist á meðvitaðri afstöðu sem flestra félaga. Það er þess vegna algjör nauðsyn að hver einasti félagi taki virkan þátt í þessari umræðu og starfi ötullega að því að þinginu megi takast að leysa verkefni sín.

4. Flokkurinn mun áfram starfa eftir fremstu getu á þeim vígstöðvum stéttabaráttunnar, þar sem mikilvægast er að afstaða kommúnistanna sé sett fram og baráttan gegn stéttaróvini verkalýðsins sé háð á óvæginn og markvissann hátt.

5. Verkefni flokksins hvað varðar útgáfu Stéttabaráttunnar fram að flokksþinginu er að treysta þann árangur sem náðst hefur og tryggja markvisst það að í blaðinu birtist ætíð skýrt og afdráttarlaust afstaða flokksins í hinum ýmsu málum er varða baráttu verkalýðsins.

Stéttabaráttan þarf að losa sig við þá ónákvæmni og þann uppákomu-stíl sem stundum hefur einkennt það sem hún hefur birt Þetta verður ritnefnd að gera með því að líta starf sitt gagnrýnum augum og gera sér grein fyrir í hverju villur blaðsins eru fólgnar og hversvegna stundum birtist það sem ekki á að birtast

framhald af forsíðu

Hlutleysi utvarpsráðs

halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem varða almenning, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunaddi skoðunum um, þau... Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum, í opinberum málum stofnunum, félögum og einstaklingum. . . " Þetta eru vissulega góð lög en framkvæmdin er því miður með rússneska sniðinu. Skoðanir og félög sem stjórnvöld treysta sér til við eru svift tjáningarfrelsi sem þau eiga þó fullan rétt á. Íslensk stjórnvöld hafa sýnt það og sannað að þau eru ekki fær um að gæta þess sem skildi, að fullt tjáningarfrelsi sé virt. Skoðanakúgun hefur t.d. verið eitt helsta dæmið um afstöðu stjórnvalda gegn róttækum öflum til vinstri. Þeir sem eru einlægir stuðningsmenn verkalýðsins hafa hingað til verið gerðir útlægir úr fjölmiðlum ríkisins. Nú mun Stéttabaráttan reyna, á grundvelli samþykkt ar útvarpsráðs, sem áður var getið, aðhvort hún er einskisvert pappírsgagn eða ekki Hingð til hefur íslenska útvarpsráðið starfað eins og það rússneska, spurningin er því hvort þeir verða tilneyddir að gefa eftir og byrja aftur lestur úr leiðurum Stéttabaráttunnar jafnt og annara landsmálablaða blaða.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundi útvarpsráðs föstudaginn 27. febrúar 1976.

Útvarpsráð samþykkir eftirfarandi skipan á upplestri forystugreina og kynningu blaða og tímarita.

1. Frá þriðjudegi til sunnudags að báðum dögum meðtöldum skal lesið úr leiðurum dagblaðanna. Dagblöðin skulu sjálf sjá um að senda á fréttastofu ríkis útvarpsins forystugrein fyrir kl. 19:00 daginn áður en lesið er.

Dagblöðunum er heimilt að stytta sjálf leiðarana samkvæmt nánari reglum um (tíma) lengd.

2. Einu sinni í viku skal lesið úr leiðurum þjóðmálablaða sem komið hafa reglubundið út, að jafnaði vikulega um eins árs skeið. Í þessum þætti skal einnig lesa úr leiðurum héraðsbundinna þjóðmálablaða, þar sem dagblöð koma ekki út, enda komi þau ekki sjaldnar út en 6-8 sinnum á ári og hafi komið út um eins árs skeið. Í báðum tilvikum er það skilyrði, að blöðin séu málgögn formlegra og almennra stjórnmálasam-

Með þessari samþykkt falla niður fyrri samþykktir útvarpsráða um upplestur úr leiðurum dag-og þjóðmálablaða.

taka. Gerður skal listi yfir blöð þau, sem lesið er úr í þessum vikulega þætti, og skal hann endurskoðaður a.m.k. tvisvar á ári. Útgefendur skulu sjá um að skila viðkomandi blöðum til ríkisútvarpsins.

3. Nokkrum sinnum á ári, þegar henta þykir, skulu kynnt blöð og tímarit, sem fjalla um þjóðmál og gefin eru út fyrir almennann markað, en falla ekki undir 1. og 2 lið. Í kynningu skal getið útgefanda, sagt frá helstu greinum og getið um efni forystugreina, ef þeim er fyrir að fara

Útgefendur skulu sjá um að skila viðkomandi blöðum og tímarítum til ríkisútvarpsins.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud.15-18,30
- Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
- Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
- Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
- Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi,
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
- Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.



...í stuttu máli

KAMBÓDÍA

Hið vitfirrta áróðurskerfi vestrænna borgarastétta, beið alvarlega hnekki við ummæli Jean-Christophe Oberg sendiherra Svíþjóðar í Thailandi, eftir för hans til Kambódíu nú fyrir skömmu. Sendiherrann vísaði heim til föðurhúsanna þeim fréttaflutningi sem dunið hefur yfir fólk í hinum "siðmenntaða vestræna heimi" að í Kambódíu ríki einræðisstjórn sem stjórni með taumlausri kúgun og grimmdarverkum.

Sendiherrann sagði að Kambódíumenn væru að byggja upp nýtt þjóðskipulag eftir eigin hugmyndum og aðferðum.

Fólksflutningarnir frá borgum til sveita væri eðlileg ráðstöfun einfaldlega í þeim tilgangi að brauðfæða þjóðina.

Borgir í Kambódíu voru í rústum eftir þau átök sem þær hafa átt sér stað. Það mun taka sinn tíma að endurreisa þær og meðan sú uppbygging fer fram er ekki nema eðlilegt að fólkið verði að leggja áherslu á það að geta lifað af landbúnaðinum.

Sendiherrann sagði jafnframt að lítið væri að marka vitnisburð flóttamanna frá Kambódíu. Slíkur vitnisburður væri vel þekktur af fyrri dæmum frá öðrum löndum.

Hann sagði að Kambódíumenn vissu vel af því orðspori sem af þeim færi í heiminum en þeir settu aðra hluti í öndvegi sem í dag eru mikilvægari fyrir kambódíska alþýðu.

Sigurður Jón Ólafsson

Hin tíu megintengsl

eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.



Mao Tse-tung.

VII. TENGSLIN MILLI FLOKKSMANNA OG ÓFLOKKSBUNDINNA.

Hvort er betra að hafa aðeins einn flokk eða nokkra? Eins og málin horfa nú við er líklega betra að hafa nokkra flokka. Þetta hefur reynst rétt fram til þessa og ætti að vera það áfram. Það felur í sér "sambúð til langframa og gagnkvæmt eftirlit."

Í landi voru urðu hinir fjölmörgu lýðræðisflokkar, sem einkum ná til þjóðlegrar borgarastéttar og menntamanna hennar, til í andspyrnunni gegn Japan og baráttunni gegn Chiang Kai-shek og þeir hafa haldið velli fram til þessa. Að þessu leyti er Kína frábrugðið Sovétríkjunum. Við höfum leyft tilvist lýðræðisflokkanna af ásettu ráði, veitt þeim tækifæri til að viðra skoðanir sínar og fylgt þeirri stefnu að hafa bæði einingu við þá og baráttu gegn þeim. Við sameinumst öllum þeim lýðræðissinnum sem gagnrýna okkur í góðum tilgangi. Við ættum að halda áfram að virkja eldmóð fólks úr her og ríkisstjórn Kuomintangs sem er lýðræðissinnað eins og Wei Li-huang og Wen Wen-hao Við ættum líka að veita hæpnum náungum eins og Lung-Yun Liang Shu-ming og Peng Yi-hu tækifæri til að hamast gegn okkur, en afsanna vitleysuna og samsinna því sem rétt reyn ist í árásum þeirra. Þetta er betra fyrir flokkinn, alþýðuna og sósíalismann.

Þar sem stéttir og stéttabarátta er enn fyrir hendi í Kína, hlýtur að vera til andstaða í einhverri mynd. Jafnvel þótt lýðræðisflokkarnir og óflokksbundnir lýðræðissinnar hafi svarið leiðtogahlutverki Kommúnistaflokks Kína hollustu sína, eru margir þeirra í ýmis konar andstöðu. Í mál efnum eins og " haldið byltingunni áfram uns yfir lýkur", hreyfingu gegn bandarískri árás og til stuðnings Kóreu og umbætur í landbúnaði, voru þeir bæði með okkur og á móti

Allt fram á þennan dag eru þeir ekki hlynntir því að gagnbyltingarsinnar verði bældir niður. Þeir vildu ekki stjórnarskrá í anda sósíalismans og sögðu að Almenna Stefnuskráin væri alveg ágæt, en þegar tillagan að Stjórnarskrá var lögð fram réttu þeir allir upp hendur sínar til samþykkis.

Hlutir breytast oftlega í andstæðu sína og það á einnig við um afstöðu lýðræðisflokkanna til margra viðfangsefna. Þeir eru andsnúnir og þó ekki andsnúnir, oft snúast þeir frá andstöðu til samþykkis.

Kommúnistaflokkurinn og lýðræisflokkarnir eru allt sköpunarverk sögunnar. Það sem sagan skapar afnemur hún einnig. Þess vegna mun Kommúnistaflokkurinn verða afnuminn einn góðan veðurdag og lýðræðisflokkarnir líka. Er þetta afnám svo óviðkunnanlegt? Mér finnst það mjög viðkunnanlegt. Mér finnst það mjög gott, að einhvern tíman komi að því, að við getum afnumið Kommúnistaflokkinn og alræði öreiganna. Verkefni okkar er að flýta þessu afnámi. Við höfum oftlega talað um þetta atriði.

Nú komumst við ekki af án Kommúnistaflokksins og alræðis öreiganna og það er meira að segja afgerandi að þetta tvennt verði eflt enn. Annars gætum við ekki bælt gagnbyltingarsinna niður, staðið gegn heimsvaldasinnum og byggt sósíalisma, eða fest hann í sessi jafnvel eftir að hann er uppbyggður. Kenning Lenins um öreigaflokkinn og alræði öreiganna er engan veginn úrelt eins og sumir halda fram. Það er full nauðsyn á alræði öreiganna. Þrátt fyrir það verðum við að snúast gegn skrifræði og þunglamalegu kerfi. Ég legg til, að valdatæki flokksins og ríkisins verði rækilega ydd og skorin niður um tvo þriðju, svo fremi að engin bíði bana af eða nokkurt starf stöðvist.

En þó stjórntæki flokksins og ríkisins verði ydd, jafngildir það ekki því, að við losnum við lýðræðisflokkana. Ég legg því til að þið gefið gaum að samfylkingarstarfinu svo tengslokkar við þá eflist og að þið reynið allt, sem unnt er til að virkja eldmóð þeirra fyrir málstað sósíalismans.

Árangurinn af starfi Kommúnistaflokksins

Dufþakur

Í 45.- 46. tölublaði Stéttabaráttunnar birtist grein undir yfirskriftinni "Hví er Kommúnistaflokkurinn byltingarsinnaður?" Þessi grein rak endahnútinn á greinarflokk um stjórnmálaflokka íslenska, er kenna sig við verkalýðinn.

Í upphafi greinarinnar er réttilega bent á, að þessari spurningu er engan veginn hægt að svara á fullnægjandi hátt í stuttri blaðagrein. Hins vegar er ekki hægt að neita því, að svarið við þessari spurningu er jafn ófullnægjandi eftir sem áður og fyrir almennan lesenda, sem lítið sem ekkert hefur kynnt sér þá fræðikenningu, er kommúnistar byggja starf sitt og stefnu á, er spurningin jafnvel torleystari en áður. Það er afskaplega auðvelt fyrir sérhvern kommúnista að útskýra pólitísk sjónarmið sín með fræðilegum langlokuvangaveltum - en slíkt gagnar bara ekki þorra vinnandi fólks sem krefst þess, að málin séu rædd í samhengi við hina ýmsu þætti þjóðfélagsins. Greinarhöfundur gerir þau mistök að falla í gryfju fræðilegra vangaveltna.

Hefði ekki verið nær, til að benda á þá staðreynd að sósíalisminn sé óframkvæmanlegur án þjóðfélagsbyltingar, að taka til meðferðar einstaka þætti borgaralegs þjóðfélags, s.s. lýðræðið, ríkisvaldið, eignarhald á atvinnutækjum og bera saman byltingarsinnaða afstöðu Kommúnistaflokksins og umbótapólitík Alþýðubandalagsins?



Meira að segja gerist greinarhöfundur svo ósvífinn að endur prenta nokkrar setningar úr grein Jósefs Stalíns um díalektíska og sögulega efnishyggju, án þess að geta heimilda - rétt eins og hann vilji eigna sér þau skrif sjálfur.

En hvað um það, látum þessum athugasemdum lokið í bili og snúum okkur að öðru þarflegra umræðuefni.

Þar sem árið er nú ný liðið væri ekki úr vegi að vega og meta árangurinn af starfi Kommúnistaflokksins á liðnu ári. Því verður náttúrulega ekki gerð skil svo gagn sé í þessari grein. Það er rétt að hafa í huga, að árangurinn verður ekki metinn af félagatölu flokksins, heldur fyrst og fremst af starfinu útávið, hvort starf og stefna flokksins hafi haft áhrif meðal fjöldans.

Ýmsir sjálfkjörnir forystumenn verkalýðsins hafa haft í frammi alls konar óhróður í þá veru að Kommúnistaflokkurinn væri að klofna, félögunum fari fækkandi o.s. frv. Það er rétt að flokkurinn hefur þurft að sjá á bak nokkrum ágætum starfskröftum, en aðrir hafa líka komið og fyllt upp í skarðið. En er ekki 10-20 manna vel skipulagður og agaður hópur betri, en 100-200 manna hópur sundurlaus, illa agaður og þar sem hver höndin er uppi á móti annarri?

Kommúnistaflokkurinn hefur enga aðra hagsmuni en verkalýðsins og árangurinn af þrotlausu og þolinmóðu starfi hans er smá saman að koma í ljós. Á þessu ári má sjá ágætan árangur af starfi flokksins einkum á tvennum vígstöðvum: annars vegar innan Samtaka herstöðvaandstæðinga, hins vegar innan verkalýðshreyfingarinnar. Á þessu ári hófu Samtök herstöðvaandstæðinga baráttu gegn útþenslu stefnu Sovétríkjanna, mest fyrir tilstilli Kommúnistaflokksins og þrátt fyrir að endurskoðunarstefnan hafi þar töluverð áhrif. Á síðasta Verkamannasambandsþingi var samþykkt krafan um lífvænleg laun fyrir 40st. vinnuviku, sem Kommúnistaflokkurinn einn allra stjórnmálaflokka hefur haldið á lofti sem mikilvægustu hagsmunakröfu íslenskrar verkalýðsstéttar í dag.

Þetta tvennt er árangurinn af þolinmóðu starfi félaga flokksins innan fjöldahreyfinga. Þetta ætti að verða öllum þeim er telja sig kommúnista og baráttumenn fyrir verkalýðinn mikilvæg lexía og sönnun þess, að óeigingjarnt starf meðal fjöldans verður ávallt að sitja í fyrirrúmi.

Dufþakur

BORGARASTÉTT SOVÉTR.

framhald af baksíðu

borgaralegu aflanna. Nú er svo komið að þótt framleiðslutækin séu að nafninu til í höndum verkalýðsins, þá eru það stjórnendur þeirra sem raka arðinum í eigin vasa. Þessir stjórnendur leika sama hlutverk og kapítalistar. Þeir miða framleiðsluna við eigin gróðahagsmuni, svíkja og stela úr sjóðum fyrirtækjanna oglifa flott af arðráni á verkalýðnum. Þessir menn teljast samkvæmt núverandi stjórnarskrá Sovétríkjanna, til sömu stéttar og verkamennirnir og vera kosnir til að leiða hagsmuni verkalýðsins. Þetta minnir óneitanlega á fasismann, sem telur verkalýð og atvinnurekendur hafa sameiginlega hagsmuni, sem atvinnurekandinn eigi að gæta. Andóf verkafólks gegn þessu fyrirkomulagi er nú orðið svo mikið að jafnvel vestræna pressan getur ekki lengur þagað yfir því, heldur verður að viðurkenna að ekki aðeins vísinda- og listamenn sitja í fangelsum, heldur hefur fjöldi verkamanna verið dæmdur á geðveikrahæli fyrir að afhjúpa hina nýju borgarastétt.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
1.tbl. 3.1.1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

Borgarastétt Sovétríkjanna

Grein þessari er ætlað að svara að nokkru leiti þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið, að Sovétríkin séu vissulega sósíalísk.

Við lítum svo á að mannkynssagan mótist af baráttu andstæðra stétta. Þótt verkalýðsstéttin hafi steypt borgarastéttinni með valdi, þá er stéttabaráttunni hreint ekki lokið. Hin fallna borgarastétt nær ekki völdunum með því að gömlu auðherrarnir gangi inn í kommúnistaflokkinn, eða önnur valdatæki verkalýðsins. Baráttan er ekki milli einstaklinga heldur milli tveggja þjóðfélagsgerða, borgaralegs og sósíalísks.

Við uppbyggingu hins sósíalíska ríkis komu upp ýmis vandamál, sem ekki hafði verið búist við. Fyrri reynsla var ekki til að byggja á og flokkurinn þurfti að þreifa fyrir sér við hvert spor. Eignahald framleiðslutækjanna var komið í hendur verkalýðsins, en fyrst í stað miðuðust framleiðslu- og markaðshættir við gamla kapítalíska formið. Það var greinilega ekki nóg að skipta um eigendur, það þurfti að gerbreyta öllu kerfinu. Hinir nýju sósíalísku hættir komust í mótsögn við leyfar gömlu kapítalísku háttanna. Rótgrónir þjóðfélagshættir breytast ekki í einni svipan við byltingu. Í sóaíalismanum á framleiðslan ekki að þjóna gróðahagsmunum eigenda sinna, heldur þörfum fólksins.

Þegar byltingin er gerð er efnahagskeffið ennþá kapítalískt. Byltingarmanna bíður því erfitt verkefni sem er að færa eignarhald á fyrirtækjunum yfir til verkalýðsins, skipuleggja hans hlut í arðinum, skipuleggja á nýtt stjórn fyrirtækjanna og breyta markaðsháttum í samræmi við breytta framleiðsluhætti. Þetta gerist ekki í einni svipan. Bolsévíkaflokkurinn þurfti eftir byltinguna, að takast á við innlenda hermdarverkahópa, afturhald, hungursneyð, erlenda árásarheri og margan fleiri vanda., jafnframt því sem hann vann við að gerbreyta þjóðfélagsháttum.

Í grein sinni "Tíu megin tengslin" dregur Maó Tsetung m.a. saman reynslu Sovétríkjanna og lærdóma af mistökum þeirra. Hvetjum við lesendur Stéttabaráttunnar til að lesa vel þessar greinar.

Stalín gerði mikil mistök þegar hann lýsti því yfir að stéttirnar væru útdauðar í Sovétríkjunum. Þessi ályktun varð vitanlega til þess að slaka mjög á árvekni gagnvart borgaralegum öflum.

Í Sovétríkjunum tókust á tvær línur um uppbyggingu sósíalismans. Annars vegar, að þjóna hagsmunum verkalýðsins, láta framleiðsluna miðast við þarfir fólksins og uppræta hverja þá fyrirstöðu sem hindraði framgang þess. Hins vegar, að láta staðar numið við eignarhald verkalýðsins á framleiðslutækjunum en vanrækja að breyta öðrum þáttum þjóðfélagsins til samræmis við nýjar þarfir. Við þekkjum það líka hérlendis að þeir sem kalla sig sósíalista, vilja í raun ekki allir gerbreyta framleiðsluháttum, heldur lappa upp á það gamla. Þessi þróun verðurekki aðeins fyrir tilstuðlan gömlu kapítalistanna, heldur vegna borgaralegrar hugmyndafræði og sáttfýsi við úrelt þjóðfélagsform.

Við eignarhald verkalýðsins á framleiðslutækjunum, verður ekki sjálfkrafa breyting á öðrum þáttum framleiðslunnar, en þær breytingar eru nauðsynlegar. Auðvaldsþjóðfélagið leggur ekki upp laupana og hverfur, þótt bylting sé gerð. Það verður að uppræta það algjörlega, því hagsmunir þess stangast á við hagsmuni verkalýðsstéttarinnar.

Í Sovétríkjunum tókst aldrei fyllilega að afmá borgaralega háttu og þegar Krúsjeff komst til valda, mögnuðust áhrif

framhald á síðu 3



Herstöðvabaráttan

Í ljósi aukinnar sóknar afturhaldssamasta hluta íhaldsins í hermálinu hljóta herstöðvaandstæðingar að stórefla starf sitt

Aronskan svo kallaða er siðlaus landssölustefna. Hún stefnir að því að veikja sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti Íslands og gera landið enn háðara Bandaríkjunum

Málamiðlun lýðskrumarans Gunnars Thoroddsens er ekki síður hættuleg . Í munni hans fær aronskan allt annan rökstuðning Nú eru Gunnar Thor. og co orðnir málsvarar "þjóðfrelsis" í mynd landvarna og snúast gegn forréttindum hersins." Hvílíkt öfugmæli. Forsprakkar landsölustefnu og forréttinda borgarastéttarinnar þykjast berjast gegn landssölu og forréttindum Mergurinn málsins er einfaldlega sá að borgarastéttin, ófær um að stjórna landinu, sér skjótfenginn gróða í hernum til að bæta vaxandi kreppuástand. Og klíkur íhaldsins berjast um það hver eigi að hirða gróðann. Geir Hallgrímsson og co. vilja halda einokunargróða sínum. Hinir vilja fá hluta af landsöluþrningunum.

En hvernig erum við í stakk búin til að verjast þessu?

Í ljósi þessa verða herstöðvaandstæðingar að efla baráttu sína.

Ísland er háð amerískum hagsmunum t.d. Flugleiðir, fiskútflutningur SÍS og SH til Ameríku svo tvennt sé nefnt og íslenskir kapítalistar vilja gera landið enn háðara Ameríku .

Leiðin til að efla baráttuna hlýtur að felast í fjöldaaðgerðum Samtaka herstöðvaandstæðinga og auknu starfi í hverfahópum, sem nú eru að lognast út af.

Ljóst er að forystuklíka Alþýðubandalagsins vill ekki efla SH. Klíkufélagarnir líta vonaraugum á ráðherrastóla, jafnvel með íhaldinu, og til þess telja þeir sig verða að vera óbundna í herstöðvamálinu Við lá að þing AB færi út um þúfur vegna þessa ágreinings sem ræddur var fyrir luktum dyrum.

Það má taka það með að á þessu þingi AB var einnig deilt um afstöðuna til Sovétríkjanna. Sumir töldu of mikið ráðist á Sovétríkin í Þjóðviljanum"..

Þetta gerist á sama tíma og APN áróðursfréttastofa sósíalheimsvaldastefnunnar á Íslandi, eykur starf sitt m.a. með auknum skrifum í íslensk dagblöð.

Gegn siðlausri landsölustefnu íhaldsins verður að berjast af alefli. Til þess að svo megi verða verður að útmá áhrif úrtöluraddanna í Alþýðubandalaginu, bæði raddana sem vilja veikja andstöðuna gegn amerískri og rússneskri heimsvaldsstefnu og beina sameinuðum kröftum gegn íhaldinu

Lykillinn að þessu eru hverfahóparnir. Við verðum að endurreisa þá sem eru dauðir og efla hina sem eru enn starfandi. Samtökin verða að standa fyrir öflugum fjöldaaðgerðum Og beita verður öflugri gagnrýni á siðleysi íhaldsins og undanslátt AB-forystunnar.


Þetta eru verkefni allra herstöðvaandstæðinga og þau þola enga bið

Stéttabaráttan

Nú er árið liðið. Markinu í lausasölunni hefur verið náð, en áskriftaherferðin er all mikið á eftir áætlun. Eins og sagt hefur verið frá, hafa nokkrir menn verið með prufuáskrift fram að áramótum. Ekki hefur verið haft samband við þá alla ennþá, en því verður lokið fyrir næsta blað og verða þá lokaniðurstöður áskrifta- og lausasöluherferðarinnar birtar.

Fastir áskrifendur gera fjárhag mun öruggari. Með bættum tækjakosti mun útlit blaðsins batna verulega. Ritnefnd hefur ráðgert að fjölga síðum blaðsins skipulega, til að hafa fjölbreyttara efni og seinna meir mun útgáfutíðnin aukast.

Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.



Nýjar áskriftir skal póstsenda til : Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15. Pósthólf 1357. S: 27810.

Verðhækkanirnar skapa vandamálin

Enn dynja verðhækkanirnar yfir okkur Íslendinga. Það breytir litlu fyrir þá sem stjórna hækkununum hvort um er að ræða nauðsynjavörur eða ekki. Það sem fyrir þeim vakir er að auka eða minnsta kosti ekki skerða gróða sinn.

Þær vörutegundir sem ekki eru taldar með í vísitölugrundvellinum er að sjálfsögðu hagkvæmast fyrir auðdrottnana að hækka, því að þær fást í engu bættar launafólki.

Áfengi og tóbak eru að sjálfsögðu engin nauðsynjavara, heldur þvert á móti til óþurftar. En þessar vörur hafa þá eiginleika til að bera að vera mjög mikið keyptar og að standa utan við kostnaðarliði vísitölugrundvallarins.

Því er náttúrulega upplagt fyrir ríkisvaldið að hækka verðið á þessum vörum. Nú síðast um 20%.

Einhverjir mundu nú kannski segja að þetta væri þarft framtak hjá ríkisvaldinu til að koma í veg fyrir áfengis-og tóbaksnotkun. Og lofa fyrir það ríkisvaldið. En væri raunverulegur vilji fyrir hendi hjá handhöfum ríkisvaldsins að koma í veg fyrir þessa óþurftarnotkun með hækkuðu verði á nefndum vörum, myndu þeir auðvitað hækka það upp úr öllu valdi. En kæmi það til með að draga úr áfengisbölinu? Hvað sýnir reynslan okkur t.d. frá bannárunum í Bandaríkjunum?

Afleiðing ráðstafana sem teknar eru ofan frá og eiga að vera "patentlausnir" á áfengisbölinu hafa einungis valdið því að menn hafa tekið til sinna ráða. Og þá blómgast bruggun, eiming, sprúttsala, svartur markaður og önnur spilling.

En ríkisvaldið hefur engan [illegible] á að koma í veg fyrir áfengis-og tóbaksnotkun heldur þvert á móti auka hana.

Því sala á þessum vörum er ein drýgsta tekjulind ríkisvalds borgarastéttarinnar og þann gróða ætlar það sér ekki að missa. Þvert á móti vilja auðdrottnarnir halda gróða sínum af áfengis-og tóbaksneyslu í hámarki. Þeirra hagur er að þessi neysla sé sem mest og því munu þeir aldrei lyfta litla fingri til að vinna á áfengis-og tóbaksbölinu.